

Nd.

337. Frumvarp til laga

[205. mál]

um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I KAFLI

Tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Skal gjaldið annars vegar vera hlutfall af tollverði innfluttrar vöru en hins vegar tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Tollafgreiðslugjald skal nema 1% af tollverði vöru eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt þessari málsgrein, sbr. 2. mgr. 2. gr., eru þó eftirtaldir vöruflokkar:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. tollskrárlaga og ætlaðar eru til manneldis.
2. Vörur sem við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, sbr. 1. gr. tollskrárlaga.
3. Aðföng til innlendra framleiðslu, þ. e. hráefni, efnivörur og vélar og varahlutir sem eru toll- og vörugjaldsfrjáls við innflutning samkvæmt ákvæðum tollskrárlaga og laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.
4. Flugvélaeldsneyti, gasolía og brennsluolía.
5. Skip, flugvélar og varahlutir til þeirra.

Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 2. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 5. mgr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af viðkomandi vörusendingu samkvæmt ákvæðum 5. mgr. þessarar greinar.

Séu í vörusendingu vörur sem ýmist eru gjaldskyldar skv. 2. eða 5. mgr. skal tollverð þeirra vara sem gjaldskyldar eru skv. 2. mgr. lagt til grundvallar við ákvörðun tollafgreiðslugjaldsins, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð að fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu vegna innflutnings vöru sem undanþegin er gjaldi skv. 2. mgr. skuli greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð vörusendingar innan við 5 000 kr. skuli gjaldið þó vera 50 kr. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93/1975. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við byggingarvísitölu 909 stig hinn 1. janúar 1982.

2. gr.

Tollafgreiðslugjald skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum. Þó skal, þegar heimild er veitt til þess að setja vörur í tollvörugeymslu, greiða gjald skv. 1. gr. af vörusendingunni í heild þegar tollafgreiðsla vegna fyrstu úttektar úr tollvörugeymslu á sér stað.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu skv. 2. mgr. 1. gr. svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka.

II KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

3. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3¹/₂% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2¹/₂% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og í iðnaði (útflutnings- og samkeppnisiðnaði), samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

4. gr.

2. og 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt og skattskyld eru skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talið reiknað endurgjald.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum. Enn fremur tekjur sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með taldar tekjur hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

5. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum sem greidd eru fyrir þann ársfjórðung, sbr. þó 5. gr., og er eindagi mánuði síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík til tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Viðurlög vegna vanskila á launaskatti skulu vera sem hér segir:

1. 25% álag á vangreiddan launaskatt hafi eigi verið staðið í skilum á eindaga.
2. Til viðbótar álagi skv. 1. tl. skal greiða dráttarvexti af vangreiddum launaskatti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærra laun til annarra á hverju þriggja mánaða tímabili en 35 000 kr. er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári, eins og um uppgjör fyrir síðasta ársfjórðung væri að ræða.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar þó að honum hafi ekki borist eyðublað frá skattstjóra skv. 4. mgr.

6. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

- a) Launaskatt af reiknuðu endurgjaldi sem manni með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
- b) Launaskatt af launum sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.

7. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

Skattstjórar skulu kanna launaskattsskil þeirra sem greiða eiga launaskatt skv. 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl, launaframtöl og launamiða og önnur gögn sem fyrir hendi eru.

Komi í ljós að aðili sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr. hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn ásamt álagi og dráttarvöxtum sem á eru fallnir, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

8. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Að lokinni ákvörðun launaskatts skv. 4. gr. laga þessara skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem greiða eiga launaskatt samkvæmt þeirri grein og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Gjalddagi launaskatts, sem skattstjóri ákvarðar skv. 4. gr., er 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda og eindagi mánuði síðar.

9. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 75/1981 gilda eftir því sem við getur átt um launaskatt samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um kærufresti, úrskurði á kærum, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi.

10. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skylt er hverjum þeim sem innir af hendi greiðslur sem eru skattskyldar samkvæmt lögum þessum að senda skattstjórum sérstaka greinargerð, launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981.

11. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist skal greiða af 3½%, 2½% eða engan launaskatt skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þó skal einungis greiða 2½%, sbr. 2. mgr. 1. gr., af því hlutfalli umræddra greiðslna sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 2. mgr. 1. gr., áður en umræddar greiðslur eru meðtaldar.

Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldinu eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

12. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu launaskatts og viðurlaga sem ákvarðast skv. 4. og 5. gr., sbr. 6. gr. þessara laga, annast sömu aðilar og greinir í 1. mgr. 3. gr. þessara laga. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts.

13. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Launaskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

14. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um þær iðngreinar er 2. mgr. 1. gr. þessara laga tekur til, og hverjir skuli gera skil á launaskatti þegar um er að ræða ákvæðisvinnu eða verktakasamninga o. þ. h.

III KAFLI

Um breyting á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980 um breyting á þeim lögum.

15. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna afurðalána með veldi í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

IV KAFLI

Um breyting á lögum nr. 26/1981 um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kek.

16. gr.

Innflutningsgjald, 40% og 32%, skv. 1. gr. laganna skal lækka á tímabilinu 1. mars til 1. desember 1982 svo sem hér segir:

- a. 40% innflutningsgjald skal lækka í 32% hinn 1. mars 1982, 24% hinn 1. júní 1982, 16% hinn 1. september 1982 og 8% hinn 1. desember 1982.
- b. 32% innflutningsgjald skal lækka í 24% hinn 1. mars 1982, 18% hinn 1. júní 1982, 12% hinn 1. september 1982 og 6% hinn 1. desember 1982.

17. gr.

Í stað orðanna „til 1. mars 1982“ í 7. gr. laganna komi: til 1. mars 1983.

Gildistaka o. fl.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1982. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál II kafla þeirra inn í lög nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en lög þessi öðlast gildi skal varan tollafgreidd án greiðslu skv. I kafla laga þessara, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. mars 1982.

Af vörum sem ótollafgreiddar eru í tollvörugeymslu við gildistöku laga þessara skal greiða tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. Greiða skal gjaldið í heild þegar tollafgreiðsla vegna fyrstu úttektar þeirra úr tollvörugeymslu eftir gildistöku laganna fer fram.

Gjöld skv. I kafla laga þessara skal einnig greiða af vörum þeim sem gjaldskyldar verða samkvæmt honum og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistöku laga þessara gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. maí 1982.

II

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

Vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1982 fram að gildistöku þessara laga skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa á 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi sæta viðurlögum skv. 5. gr. þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu frá ríkisstjórninni um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 28. janúar s. l., voru margháttaðar aðgerðir boðaðar í efnahagsmálum. Meðal ráðstafana sem boðað var að gripið yrði til á næstu mánuðum er 6% niðurfærsla verðlags með

lækkun tolla og hækkun niðurgreiðslna á búvörum. Fyrsti áfangi hefur þegar komið til framkvæmda, m. a. með lækkun tolla um helming á ýmsum rafmagnsheimilistækjum, og var frumvarp um þetta efni lagt fram á Alþingi 1. febrúar og afgreitt sem lög daginn eftir.

Kostnaður ríkissjóðs við þessar niðurfærsluáðgerðir á árinu 1982 er áætlaður 350—360 millj. kr., þar af er reiknað með að aukning niðurgreiðslna 1. febrúar s. l. kosti um 165 millj. kr. á árinu og lækkun tolla um 23 millj. kr. Frekari aukning niðurgreiðslna mun verða 1. mars, 1. maí og 1. júní n. k. samkvæmt nánari ákvörðun sem tekin verður síðar. Fjármunir í þessu skyni eru fengnir með eftirfarandi hætti: Útgjöld fjárlaga fyrir árið 1982 eru lækkuð um 120 millj. kr., skattur er lagður á starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem mun nema um 45—50 millj. kr. Það sem á vantar, 180—190 millj. kr., er fengið af fjárlögum, þ. e. um 30—35 millj. kr. af niðurgreiðslufé og 125 millj. kr. af liðnum 09-989-94 — Vegna launa og verðlagsmála. Það sem á vantar jafnast að mestu upp með breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs, sbr. hér að neðan.

Auk ofangreindra áðgerða í efnahagsmálum var því lýst yfir, að ríkisstjórnin myndi stuðla að nokkrum breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs. Eru breytingarnar einkum fólgnar í gjaldalækkun til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina með lækkun launaskatts og stimpilgjalda, en jafnframt er að því stefnt að leggja á sérstakt tollafgreiðslugjald til að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna fyrrnefndra gjaldalækkana.

Breytingar sem verða á tekjuöflun ríkissjóðs, ef frumvarp þetta verður samþykkt, eru á heilu ári þessar:

Tollafgreiðslugjald	+54 millj. kr.
Launaskattur	–30 millj. kr.
Stimpilgjald	–20 millj. kr.
Innflutningsgjald á sælgæti og kex	+ 8 millj. kr.
	<hr/>
	+12 millj. kr.

Hækkun eða lækkun tekna ríkissjóðs á þessu ári er að sjálfsögðu talsvert minni og veltur á því hvenær löginn taka gildi.

Í I kafla frumvarps þessa er fjallað um tollafgreiðslugjald. II kafli þess fjallar um breytingar á lögum um launaskatt, III kafli um breytingar á lögum um stimpilgjald og IV kafli um breytingar á lögum um sérstakt innflutningsgjald á sælgæti og kex. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjálfstæð löggjöf verði sett um skatt á banka og sparisjóði og verða frumvörp þar að lútandi lögð fyrir Alþingi á næstunni.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstaka kafla og greinar.

Athugasemdir við I kafla.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Er gert ráð fyrir að gjaldið verði tvenns konar og greiðist annað hvort sem hlutfall af tollverði innfluttrar vöru eða sem tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu.

Gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. að 1% tollafgreiðslugjald verði almennt lagt á innfluttar vörur. Gjaldstofninn skal vera tollverð viðkomandi vörusendingar, en við ákvörðun þess er gert ráð fyrir að farið verði eftir sömu reglum og gilda um tollverð samkvæmt ákvæðum núgildandi tollskrárlaga, sbr. einkum 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að nokkrir vöruflokkar verði undanþegnir hinu almenna 1% tollafgreiðslugjaldi en í þess stað verði heimilt að innheimta af vörum þessum tiltekna fjárhæð sem nánar er kveðið á um í 5. mgr.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem ætlað er að tryggja samræmda gjaldtöku, þannig að tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á vöru sem ákvæði 2. mgr. eiga efnislega við verði ekki lægra en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið samkvæmt 5. mgr., þ. e. eftir atvikum 50 kr. eða 200 kr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að þegar vörusendingar eru blandaðar skuli ákvörðun gjaldsins ætíð fara eftir fyrirmælum 2. mgr., þó þannig, að gjaldið verði aldrei lægra en kveðið er á um í 5. mgr.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að af vörum þeim sem undanþegnar verða 1% tollafgreiðslugjaldi verði heimilt að innheimta tollafgreiðslugjald fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu yfir slíkar vörur. Lagt er til að gjaldið verði 200 kr. vegna tollmeðferðar á vörusendingum sem eru að tollverði 5 000 kr. eða meira en 50 kr. gjald verði innheimt af verðminni vörusendingum. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða er hugsanlegt að ekki verði strax lagt gjald á vörur sem nefndar eru í 2. tl. 1. gr. (fríverslunurvörur), fyrr en að nánar athuguðu máli með hliðsjón af samningum Íslands við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu.

Til þess að tryggja raungildi tekna af gjaldi þessu er lagt til að ráðherra verði heimilt að hækka fjárhæðir þær sem hér um ræðir í réttu hlutfalli við hækkingu sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um innheimtu og lögvernd tollafgreiðslugjaldsins og er gert ráð fyrir að í þeim efnum gildi þar að lútandi ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollfirtilit, sbr. t. d. 54. gr. þeirra laga. Þó er gert ráð fyrir að þegar vörur eru settar í tollvörugæmslu skuli gjald ekki greiðast fyrr en við fyrstu úttekt úr tollvörugæmslu, en þá ber að greiða það af vörusendingunni í heild sinni, sbr. einnig 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða I.

Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd ákvæða I kafla í reglugerð og hvaða vörur skuli undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. 2. mgr. 1. gr. Getur ráðherra ákveðið að undanþága frá gjaldskyldu ráðist af flokkun vara í tollskrárnúmer skv. 1. gr. tollskrárlaga.

Ljóst er að ýmis álitamál geta komið upp varðandi gjaldskyldu samkvæmt 1. gr. og er því tekin upp í greinina heimild til handa ráðherra til að undanþiggja einstaka vörusendingu gjaldskyldu, sbr. 5. mgr., ef sérstakar ástæður verða taldar fyrir hendi, tollverð vörusendingar er innan tiltekinna marka eða heimiluð er afhending verðlausra sendinga án skýrslugjafar.

Athugasemdir við II kafla.

Breytingar á lögum um launaskatt sem hér eru lagðar til voru boðaðar í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum sem forsætisráðherra flutti á Alþingi 28. jan. s. l. Stefnt er að lækking launaskatts á útflutnings- og samkeppnisiðnaði og fiskverkun úr 3,5% í 2,5%. Jafnframt þessari breytingu er tillaga gerð um nokkrar aðrar breytingar á lögnum. Lúta þær einkum að því að heimilt verði að innheimta dráttarvexti af vangreiddum launaskatti auk þess sem kveðið er á um virkara eftirlit skattstjóra með skilum hans.

Launaskattur var fyrst lagður á samkvæmt lögum nr. 14 frá 15. mars 1965 og var hann 1% og runnu allar tekjur hans sem stofnfjárframlag í Byggingarsjóð ríkisins. Með lögum nr. 94/1970 var skatthlutfallið hækkað í 2½% og rann viðbótin í ríkissjóð, en frá 1. apríl 1974 hefur skatthlutfallið verið 3½%, sbr. lög nr. 10/1974.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenna skyldu launagreiðanda til að greiða 3½% launaskatt, sbr. einnig ákvæði 1. gr. laga nr. 65/1977. Undanþágan í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er nú í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimila megi tilteknum iðngreinum, þ. e. a. s. útflutnings- og samkeppnisiðnaði, að greiða lækkað launaskattshlutfall eða 2½%.

Gert er ráð fyrir að ákveðið verði með reglugerð hvaða greinar útflutnings- og samkeppnisiðnaðar falli undir ákvæði um lækkun launaskatts.

Launaskattsákvörðun samkvæmt gildandi lögum hefur verið auðveld í framkvæmd. Stofn skattsins hefur verið skattgreiðendum ljós og eftirlit skattstjóra auðvelt þar sem undanþágur eru skýrar. Nauðsynlegt er að framkvæmd laganna verði áfram sem auðveldust og ekki verði lagðar á launagreiðendur og skattyfirvöld meiri skyldur en nauðsynlegt er til að finna launaskattsstofn. Það er því mikilvægt að heil atvinnugrein falli í sama gjaldflokk launaskatts nema um mjög skýrt afmarkaða starfsemi sé að ræða innan hennar.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 2. gr. gildandi laga en með hliðsjón af lögum um tekjuskatt og eignarskatt er tekinn af allur vafi um það að greiðsla er því aðeins launaskattsskyld að hún falli undir 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna.

Í 2. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um hvaða laun og þóknarir eru undanþegar greiðslu launaskatts þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Sambærileg undanþáguákvæði er að finna í 1. gr. gildandi laga, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og í 3. mgr. 2. gr. þeirra. Laun við landbúnaðarstörf hafa verið undanþegin frá fyrstu tíð laganna en laun sjómanna af fiskveiðum síðan 1973.

Um 5. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá ákvæðum 3. gr. gildandi laga um launaskatt. Skv. 2. mgr. er lagt til að tekinn verði upp dráttarvaxtareikningur á vanskil auk viðurlagaákvæða sem eru í gildandi lögum. Dráttarvextir, er verði hinir sömu og Seðlabankinn ákveður á hverjum tíma, reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Í 3. mgr. er tvenns konar undanþága frá greiðslu launaskatts ársfjórðungslega. Annars vegar mega launagreiðendur, sem eigi greiða hærri láun til annarra en 35 000 kr. á uppgjörstímabili, fresta greiðslu launaskatts til þess uppgjörstímabils er launagreiðslur þeirra fara yfir 150 000 kr. en eftir það greiða þeir á hverju þriggja mánaða tímabili á árinu. Hins vegar mega þeir, sem ná ekki að greiða 150 000 kr. til annarra á árinu, greiða launaskatt með uppgjöri fyrir síðasta ársfjórðung.

4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru sömu ákvæði og eru í a- og b-liðum 4. gr. gildandi laga sem kveða á um að skattstjóri ákvarði launaskatt á þá menn sem eru með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og á maka þeirra og börn starfi þau að atvinnurekstrinum. Stofn að launaskatti þessara aðila verður reiknað endurgjald sem viðkomandi aðila ber að reikna sér til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 59. gr. sömu laga.

Enn fremur ber skattstjóra að ákvarða launaskatt af launum sem greidd eru í öðrum verðmætum en peningum, svo sem fríu fæði, húsnæði, afnotum af bifreið eða öðrum hlunnindum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um mánaðarleg skil innheimtumanna á greinargerðum launaskattsgreiðenda og um eftirlitsskyldu skattstjóra og aðgerðir við vangreiðslu skattsins.

Ekki er gert ráð fyrir eftirliti með launaskattsskilum eftir hvert greiðslutímabil eins og er með söluskatt, en slíkt eftirlit krefst aukins mannafla. Með aukinni tölvunotkun verður þó unnt að koma á nokkru eftirliti með skilum aðilja og beita ákvæðum laga um bókhaldseftirlit komi í ljós að fyrirtæki, sem ætla má að greiði laun, geri ekki skil á skattinum. Skattstjóri getur þá á grundvelli slíkrar skoðunar ákvarðað launaskattinn fyrir hvert einstakt uppgjörs-tímabil á árinu. Slíka ákvörðun skal hann tilkynna innheimtumanni og gjaldanda þegar í stað.

Samkvæmt 3. mgr. ákvarðar skattstjóri launaskattinn ásamt viðurlögum sem á eru fallin komi í ljós að um vangreiðslu hans að hluta eða öllu leyti hafi verið að ræða eða skili launagreiðandi ekki lögboðinni greinargerð skv. 10. gr. frumvarpsins, þ. e. launaframtali eða launamiðum. Innheimtumaður skal ákveða dráttarvexti fyrir það tímabil er líður frá ákvörðun skattstjóra um fjárhæð dráttarvaxta til greiðsludags.

Um 8. gr.

Ákvörðun launaskatts skv. 6. gr. frumvarpsins verður eðli sínu samkvæmt í tengslum við yfirferð skattframtala og endurskoðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi gjaldandans, maka hans og barna. Þar sem álagning þessi fer ekki í þinggjaldaskrá þarf hún þó ekki að birtast jafnhliða álagningu þinggjalda. Gjaldalagi launaskatts samkvæmt þessari grein, sbr. 6. gr. frumvarpsins, verður 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda en eindagi verður mánuði síðar.

Um 9. gr.

Réttarfarsleg ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda varðandi þennan skatt eftir því sem við á og er þar einkum um að ræða að gjaldandi geti kært launaskatt, hvort sem hann er ákvarðaður skv. 6. eða 7. gr. frumvarpsins, sbr. 8. gr. þess, telji hann fjárhæð launaskattsins eigi rétt ákvarðaða.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lögboðið að launagreiðendur sendi skattstjóra innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sundurliðaða greinargerð um launagreiðslur á árinu, þ. e. launaframtal og launamiða.

Um 11. gr.

Í þessari grein er annars vegar kveðið á um hvernig skuli bókfæra launagreiðslur hjá þeim sem reka fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi og ber að greiða 3,5% af vissum þáttum, 2,5% af öðrum og/eða engan launaskatt af hluta, og hins vegar að skipta skuli þeim greiðslum sem ekki verða beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, t. d. yfirstjórn, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslna sem skipta skal í bókhaldi.

Um 12. gr.

Grein þessi samsvarar 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi samsvarar 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Grein þessi samsvarar 12. gr. gildandi laga.

Athugasemdir við III kafla.

Um 15. gr.

Núgildandi ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. 7. gr. laga nr. 82/1980, er svohljóðandi:

„Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggt með veði eða ábyrgð, skal greiða 10 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.“

Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á því hvort viðkomandi skuldabréf og tryggingarbréf ber vexti og er tryggt með veði eða ekki. Í fyrra tilvikinu skal innheimta 1% stimpilgjald en í hinu síðara 0,3%.

Þar sem skuldabréf vegna afurðalána (framleiðslulána) bera nú ávallt vexti og eru tryggt með veði hefur það leitt til þess að þau hafa verið stimpluð með 1% stimpilgjaldi í samræmi við fyrri hluta 2. mgr. 24. gr. og af sömu ástæðu hefur ekki verið unnt að beita niðurlagsákvæði 2. mgr. 24. gr. sem kveður á um 0,3% stimpilgjald.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum vegna afurðalána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar skuli vera 0,3%, hvort sem skuldin ber vexti eða ekki.

Athugasemdir við IV kafla.

Í september 1980 var gripið til sérstakra ráðstafana vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi sem hafði í för með sér mikinn samdrátt í innlendri framleiðslu þessara vara. Var fyrirsjáanlegt að samdráttur þessi myndi leiða til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum ef ekkert yrði að gert og því ákveðið að höfðu samráði við EFTA að leggja sérstakt tímabundið innflutningsgjald á innflutt sælgæti og kex, en heimilt er samkvæmt samningnum við EBE að leggja gjaldið á. Gjaldtaka þessi var ákveðin til eins árs eða til 1. mars 1982, sbr. 4. gr. laga nr. 26/1981.

Á þeim tíma er gjaldtaka þessi hefur staðið hefur markvisst verið unnið að því af hálfu iðnaðarráðuneytisins og viðkomandi hagsmunasamtaka iðnaðarins að styrkja stöðu innlendra framleiðenda þessara vara með ýmiss konar framleiðniaukandi aðgerðum. Aðgerðir þessar hafa allar miðað í þá átt að bæta stöðu fyrirtækjanra til þess að mæta þeirri samkeppni sem leiðir af fríverslunarsamstarfinu. Ljóst er þó að tími sá frá því að tollar og höft á innflutning voru felld niður 1980 hefur reynst of skammur. Hefur því að höfðu samráði við samstarfsaðila Íslands innan EFTA verið ákveðið að lengja vernd nefndra iðngreina um eitt ár eða til 1. mars 1983, þannig, að innflutningsgjaldið verði lækkað í áföngum og falli að lokum niður.

Í 16. og 17. gr. frumvarps þessa er kveðið nánar á um með hverjum hætti innflutningsgjaldið skuli lækka svo og framlengingu gildistíma laga nr. 26/1981 til 1. mars 1983.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Ákvæði þetta er sambærilegt sams konar ákvæðum og gilt hafa við fyrri breytingar á tollskrárlögum. Hliðstætt ákvæði er að finna í 2. mgr. að því er varðar vörur í tollvöruhegrymslu.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Þar sem lækkun launaskattshlutfalls skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fyrst til framkvæmda fyrir lok 1. ársfjórðungs 1982 þarf að taka af allan vafa um hvernig ákvarða skuli launaskatt fyrir það tímabil, verði frumvarpið að lögum. Sama á við um ákvæði um viðurlög.

Ákvörðun launaskatts skv. 5. og 6. gr. gildandi laga, sem skattstjóra ber að taka, og innheimta skattsins á gjaldárinu 1982 verður óbreytt frá gildandi lögum.